



Varðandi: Saga Akraness
Málsnúmer: 1512040
Dagsetning: 23. nóvember 2016

TILLAGA:

Bæjarráð samþykkir að heimila sölu á Sögu Akraness á Bóka- og Byggðasafni. Lagt er til að samanlagt verð á tveimur bókum verði 5 þúsund krónur.

GREINARGERÐ: Akraneskaupstaður eignaðist fjölmörg eintök af Sögu Akraness fyrr á árinu vegna gjaldþrots Uppheima ehf. Bækurnar liggja nú í geymslum Akraneskaupstaðar, annars vegar í gulu skemmunni og hins vegar í Landsbankahúsinu.

Lagt er til við bæjarráð að heimila sölu bókanna á Bóka- og Byggðasafni ásamt því að veita heimild til sölu á mörkuðum, sé áhugi fyrir því.

Með vísan til framanritaðs gerir bærarstjóri ofangreinda tillögu.



Regína Ásvaldsdóttir

bærarstjóri